

Námsgrein: Íslenska

Bekkur: 4.-5.

Tímafjöldi á viku: 8

Kennsluáðferðir og skipulag: Unnið er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir og unnið með þá á heildstæðan hátt. Gæðatexti er lagður til grundvallar og hann nýttur sem efniviður í vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Kennarar vinna alltaf eftir fyrirframgerðum kennsluáætlunum þar sem fram koma markmið, skipulag og innihald verkefna. Samþætting við samfélags- og náttúrugreinar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Áhersla er lögð á:
Læsi	Að skapa jákvætt andrúmsloft og viðhorf til íslenskunáms. Notast er við aðferðir byrjendalæsis og unnið með fjölbreytta lestexta, yndislestur og gagnvirkan lestur.
Sjálfbærni	Þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.
Heilbrigði og velferð	Að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda. Með fjölbreyttum vinnubrögðum er nemendum gefið tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
Lýðræði og mannréttindi	Lýðræðisleg vinnubrögð og að nemendur læri um lýðræði í lýðræði. Einstaklingsmiðað nám.
Jafnrétti	Nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Einnig að þeir taki virkan þátt í að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti og réttlæti. Einstaklingsmiðað nám.
Sköpun	Að vinnubrögð einkennist af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Verk nemenda eru höfð sýnileg, sköpunarferlið skiptir þó ekki síður máli en afrakstur verksins.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf	Verkefni úr Jákvæðum aga sem notuð eru á bekkjarfundum. Ýmis verkefni þar sem nemendur kynna verk sín munnlega. Upplestur og fræðsluefni af ýmsu tagi.	Að nemandi: - tjái sig á fjölbreyttan hátt fyrir framan bekkjarfélagana og stærri hóp - vinni verkefni sem krefjast munnlegrar tjáningar - geti átt í samræðum og rökræðum við bekkjarfélagana og fundið ásættanlega niðurstöðu - þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð - geti talað skýrt og áheyrilega - geti sagt frá atburðum úr eigin lífi, endursagt og svarað spurningum úr efni sem hann hefur hlustað á - hlusti á upplestur á textum og ljóðum og geti greint frá upplifun sinni - horfi á fræðslu og skemmtiefni með athygli og geti unnið úr þeim upplýsingum - geti farið eftir munnlegum fyrirmælum, - þjálfist í að hlusta af athygli á þann sem talar og æfi sig í að taka þátt í umræðu	4. bekkjar nemendur preyta samræmt próf í íslensku í september.
Lestur og bókmenntir	Unnið samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis þar sem áhersla er lögð á gæðatexta af ýmsu tagi: Bókmenntatexta, fræðitexta, ljóð og blaðagreinar. Yndislestrarbækur lestrarbækur hljóðbækur Lesrún 1 og 2 Bókasafnarinn	- öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning - geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur verði lipur og skýr - þjálfist í lestrarhraða og lesi af öryggi (viðmið við lok 4. bekkjar 200-250 atkv/mín og við lok 5. bekkjar 220 – 300 atkv/mín) - geti valið sér lesefni eftir áhuga og getu og þjálfist í að gera öðrum grein fyrir upplifun sinni - þjálfist í að lesa margvíslega texta, t.d. þjóðsögur, ljóð, ævintýri o.fl. - þjálfist í að greina og fjalla um aðalatriði texta og nota mismunandi aðferðir við lestur og skilning - geti notað hugtök eins og vandamál/flækja, aðal- og aukapersóna, söguþráður, höfundur, umhverfi og boðskapur - læri utanbókar vísur og ljóð til söngs - kynnist hugtökunum kvæði, ljóðstafir og rím	4. bekkur Orðarún – lesskilningur (í nóvember og mars). 5. bekkur Lestrarskimum (LOGOS) (í október/nóvember). Orðarún – lesskilningur (í nóvember og mars). Raddlestrarpróf nokkrum sinnum yfir veturinn.

		• þjálfist í að mynda sér skoðun á því sem hann les og að skynja boðskap texta • kynnist því að lesa úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum	
Ritun	Ýmis ritunarverkefni Skrift 4 og 5 Ýmis æfingahefti	• dragi rétt til stafs • noti rétt grip • þjálfist í góðum skriftarhraða, skrifi læsilega og vandi frágang • finni aðalatriði úr texta og vinni útdrætti • þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum ○ ng/nk reglan ○ tvöfaldur samhljóði ○ stór og lítil stafur í sérnöfnum og samnöfnum ○ n/ nn ○ i /y ○ greinir • nýti sér hugtökin upphaf, miðja og endir • vinni með persónusköpun, umhverfi og tíma • kynnist því að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu • kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakendum (innkaupalisti, boðskort, ræður, sendibréf) • kynnist því að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn.	Skriftarkannanir Stafsetning – 20 orða listi (haust og vor).
Málfræði	Ritrún 3 Skinna 1 og 2 Málrækt Vanda málið - Þetta er málið	• kunni stafrófið og geti raðað í stafrófsröð • kynnist og geri sér grein fyrir mismunandi hlutverkum nafnorða, sagnorða og lýsingarorða • þekki hugtökin samheiti og andheiti • geti búið til samsett orð og tekið í sundur • læri að þekkja nafnorð ○ sérnöfn og samnöfn ○ eintala og fleirtala	Málfræðikannanir

		○ kyn ○ greinir ○ fall ○ stofn • þekki lýsingarorð og átti sig á stigbreytingu þeirra • þekki sagnorð og átti sig á nútíð og þátíð þeirra • þekki sérhljóða og samhljóða • geti skipt eigin texta niður í málsgreinar með hjálp punkta og stórra stafa • vinni með málið á fjölbreyttan hátt t.d. með orðtökum, málsháttum, í krossgátum, orðaleikjum og rími	
--	--	---	--

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 4.-5.

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag: Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru hafðar að leiðarljósi, s.s. innlagnir, umræður, verkefnavinna, stöðvavinna, vettvangsathuganir, verklegar æfingar, námsleikir og spil.

Nýir námsþættir eru lagðir inn fyrir hópinn í byrjun og eftir það vinna nemendur einstaklingslega, í þörum eða litlum hópum, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Markmið hvers námsþáttar eru kynnt í upphafi og höfð sýnileg. Námsþættir eru markvisst rifjaðir upp sameiginlega.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Áhersla er lögð á:
Læsi	Talnalæsi, hugtakalæsi og að nemendur verði læsir á stærðfræði daglegs lífs.
Sjálfbærni	Þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.
Heilbrigði og velferð	Að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda. Með fjölbreyttum vinnubrögðum er nemendum gefið tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
Lýðræði og mannréttindi	Einstaklingsmiðað nám. Virkar samræður og rökræður um námsþætti hverju sinni.
Jafnrétti	Að allir nemendur eiga að fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Einnig að þeir taki virkan þátt í að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti og réttlæti. Einstaklingsmiðað nám.
Sköpun	Að vinnubrögð einkennist af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Ýmsar aðferðir notaðar til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir og töflur.

4. bekkur			
Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Viðfangsefni samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.	Námsbækurnar Sproti 4a og b (nemendabók og æfingahefti). Eining 7 og 8 (valin verkefni). Við stefnum á margföldun og deilingu, Í undirdjúpunum: margföldun og deiling Fjölbreytt verkefni á námsstöðvum.		Nemendur í 4. bekk þreyta samræmt próf í september. Kaflapróf úr Sproti Miðsvetrarpróf og vorpróf úr Sproti Námsframvinda, vinnusemi, samvinna og vandvirkni metin í tímum.

4. bekkur - Tölur og reikningur			
Sjá markmið aðalnámskrár			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði og hugtök	Hvar
Talning, talnarunur	Talning út frá margföldunar-töflunum x2 –x10. Talning aftur á bak og áfram, á talnabilum og frá gefinni tölu, óskráðar talnalínur. Neikvæðar (negatífar) tölur og talning á talnalínu með neikvæðum og póstitífum tölum. Hugarreikningur. Telja peninga. Hlutbundin vinna. Þrautalausnir.	2. kafli: <i>Tölur stærri en 1000 og minni en 0</i> Negatífar tölur, póstitífar tölur	Grunnnámsefni sem miðað er við: Sproti 4a og 4b 2. kafli: <i>Tölur stærri en 1000 og minni en 0</i>

Tölur og talnaleikni	Neikvæðar (negatífar) tölur. Tölur 0-10.000. Verðgildi peninga. Hlutbundin vinna. Þrautalausnir. Námundun og slumpreikningur.	2. kafli: <i>Tölur stærri en 1000 og minni en 0</i> Slumpreikningur, að slumpa, þúsundasæti, gildi tölustafa, námundun að þúsundi, stærðfræðilíkan.	2. kafli: <i>Tölur stærri en 1000 og minni en 0</i>
Samlagning og frádráttur	Setja upp dæmi, taka til láns og geyma. Gera sér grein fyrir sambandi frádráttar og samlagningar. Þekkja táknin +, -, =, >, <. Vinna með tölur 0-10.000.	3. kafli: <i>Samlagning og frádráttur</i> Tugþúsundasæti, ekki jafnt og, að taka til láns, að geyma. 11. kafli: <i>Reikningur</i> Sætisgildi, sätiskerfi, námundun, slumpreikningur.	3. kafli: <i>Samlagning og frádráttur</i> 11. kafli: <i>Reikningur</i>
Margföldun og deiling	Læra töflurnar 0 – 10. Margfalda mynstur í 100 töflunni. Tengsl margföldunar og deilingar. Margfalda tveggja stafa tölur.	5. kafli: <i>Margföldun og deiling 1</i> Margföldunartafla, þættir, víxlregla, faldheiti. 8. kafli: <i>Margföldun og deiling 2</i> Tugtölur, þrautalausnir, margföldun sem endurtekin samlagning, deiling sem endurtekinn frádráttur.	5. kafli: <i>Margföldun og deiling 1</i> 8. kafli: <i>Margföldun og deiling 2</i>
Almenn brot og tugabrot	Almenn brot: samlagning, frádráttur og samanburður. Tugabrot: tíunduhlutar og hundraðshlutar.	9. kafli: <i>Mælingar og tugabrot</i> Tugabrot 10. kafli: <i>Almenn brot</i> Teljari og nefnari, fjórðungur, brotastrik, ósamnefnd brot, að bera saman brot, jafn gild brot.	9. kafli: <i>Mælingar og tugabrot</i> 10. kafli: <i>Almenn brot</i>

4. bekkur Algebra Sjá aðalnámskrá			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði og hugtök	Hvar
Mynstur	Mynstur talna og forma. Talnamynstur.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Hér og hvar í námsefninu, fléttað saman við aðra þætti.
Jöfnur og svigar	Finna óþekktan þátt í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Einfaldar jöfnur- finna óþekktan þátt. Mikilvægi jafnarðarmerkis.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Hér og hvar í námsefninu, fléttað saman við aðra þætti.

4. bekkur Rúmfræði og mælingar Sjá aðalnámskrá			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði og hugtök	HVAR
Tími	Samanburður á tölvuúri og skífuúri, mæla tíma, finna mismun milli tveggja tímasetninga, að lesa af tímatöflu, finna tíma á milli tímabelta.	4. kafli: <i>Tími, klukka</i> Stafræn klukka, skeiðklukka, tímatafla, tímamismunur, tímabelti, tímabil.	4. kafli: <i>Tími, klukka</i> 11. kafli: <i>Reikningur</i>
Mælingar, flatarmál, ummál og rúmmál	Stækka og minnka myndir í rúðuneti. Kynnast mælikvarða á landakorti (1:2 og 2:1). Reikna flatarmál í rúðuneti. Lengdarmælingar (mm, cm, dm, m og km). Þyngdarmælingar (mg, g, kg). Rúmmálmælingar (dl, l). Breyta úr einni mælieiningu í aðra.	7. kafli: <i>Ummál og flatarmál</i> Ummál, flatarmál, flötur, að þekja, pinnabretti, mælikvarði, cm ² (fersentimetri). 9. kafli: <i>Mælingar og tugabrot</i> Rúmmál, millimetri, sentímetri, metri, kílómetri, gramm, hektógramm, kílógramm, desilítri og lítri, mælitæki, vog/vigt, lítramál, desilítramál, matskeið, rúmmálmælingar, málband, tommustokkur, rúmfræðiform, mælieining.	7. kafli: <i>Ummál og flatarmál</i> Kostuleg kort og gröf? 9. kafli: <i>Mælingar og tugabrot</i>

Form og speglun	Þekkja rétt, hvöss og gleið horn. Spegln, hliðrun og snúningur. Lesa af og skrá í hnitakerfi.	1.kafli: <i>Hnitakerfi</i> Rúðunet, punktur, staðsetning, hnit, hornpunktur, skurðpunktur, ás, dálkur, röð 6. kafli: <i>Samhverfa og mynstur</i> Spegla, samhverfa, spegilás, hliðrun, snúningur, horn (90°, 180°, 270° og 360°).	1.kafli <i>Hnitakerfi</i> 6. kafli: <i>Samhverfa og mynstur</i>
------------------------	---	--	--

4. bekkur Tölfræði og líkindi Sjá aðalnámskrá			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði og hugtök	Hvar
Myndrit	Gera rannsókn/könnun, skrá í töflu og birta í súluriti. Telja, flokka, skrá og birta niðurstöður. Lesa úr töflu og súluriti. Búa til tíðnitöflur og lesa úr þeim.	12. kafli: <i>Tölfræði</i> Súlurit, spurningakannanir, tíðnitafla, tölfræðilegar kannanir, talnagögn.	12. kafli: <i>Tölfræði</i>
Flokkun, líkindi	Telja, flokka, skrá og birta niðurstöður. Sjá líkur í spilum. Búa til tíðnitöflur og lesa úr þeim. Gera einfaldar kannanir og birta niðurstöður.	12. kafli: <i>Tölfræði</i> Tíðnitafla, tölfræðilegar kannanir, stærðarröð, talnagögn.	12. kafli: <i>Tölfræði</i>

4.-5. bekkur Að geta spurt og svarað með stærðfærði Sjá Aðalnámskrá			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði og hugtök	Hvar
Samræður og samvinna	Taka þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni. Útksýra lausnaleiðir- para- og hópavinna.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Hér og þar í námsbókunum. Kaflarnir enda flestir á orðadæmum. Lögð áhersla á samræður við innlagnir og í vinnu nemenda.
Þrautalausnir	Taka þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir m.a. með því að nota hlutbundin gögn og teikningar . Opnar þrautir. Orðadæmi- para- og hópavinna. Stærðfræðisögur.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Húrrahefti. Hér og þar í námsbókunum. Kaflarnir enda flestir á orðadæmum. Lögð áhersla á samræður við innlagnir og í vinnu nemenda.

4.-5. bekkur Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar Sjá Aðalnámskrá			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði	Hvar
Hugtök	Markviss vinna með öll hugtök.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Hugtök kynnt jafnt og þétt um leið og þau birtast í námsefninu og þau tengd við fyrri þekkingu.
Tæki og töl	Kubbar, mælitæki, form, spil, desilítramál, lítramál, vigt, gráðubogi, hringfari.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Áhersla á hlutbundna vinnu þar til nemendur hafa náð góðum skilningi á viðfangsefninu hverju sinni.

4. -5. bekkur Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Sjá Aðalnámskrá			
Efnispáttur	Efnispáttur nánar	Orðaforði	Hvar
Fjölbreyttar lausnaleiðir	Hugarreikningur. Óútfyllt talnalína. Að hagræða tölum, t.d. lyftan og vegasaltið. Vennkort, hugtakakort, KVhL.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni. T.d. vensl, að hagræða, talnalína.	Hugtök kynnt jafnt og þétt um leið og þau birtast í námsefninu og þau tengd við fyrri þekkingu. Lögð áhersla á að börnin finni aðferð sem hentar best og byggt ofan á fyrri þekkingu.
Lesi úr daglegu umhverfi	Tengja viðfangsefni daglegu lífi og umhverfi.	Í samræmi við viðfangsefni hverju sinni.	Viðfangsefni námsefnisins tengd við daglegt líf nemenda.

5. bekkur			
Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið / markmið	Mat
Viðfangsefni samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.	Námsbækurnar Stika 1a og b (nemendabók og æfingahefti). Við stefnum á margföldun og deilingu, Í undirdjúpunum: margföldun og deiling Fjölbreytt verkefni á námsstöðvum.		Kaflapróf úr Stiku Miðsvetrarpróf og vorpróf úr Stiku Námsframvinda, vinnusemi, samvinna og vandvirkni metin í tímum.
Heilar tölur Stærðfræði í daglegu lífi Þrautalausnir Samlagning og frádráttur með þriggja og fjögurra stafa tölum Reikningur út frá tímabeltum Negatífar tölur og talnalínur Sætiskerfið og gildi tölustafs og tölu Umræður um lausnleiðir Hugarreikningur Orðadæmi og reikningssögur Margföldun og deiling Margföldunartaflan og margföldun í rúðuneti Tengsl margföldunar og deilingar Talnaskilningur	Stika 1a nemendabók bls. 4-45 og æfingahefti bls.4-22. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnispætti.	Nemendur eiga að • þekkja sætiskerfið, geta skipt tölum í einingar, tugi, hundruð o.s.frv. • þekkja negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna og geta reiknað einföld dæmi með negatífum tölum • geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa og fjögurra stafa tölum í huganum og skriflega • getað námundað tölur að næsta tug og hundraði og notað það í slumpreikningi • geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður • þekkja margföldun sem endurtekna samlagningu og margföldun í rúðuneti og þekkja deilingu bæði sem jafna skiptingu og endurtekinn frádrátt • þekkja tengsl margföldunar og deilingar	

Tölfræði Tölur og súlurit Miðgildi, tíðasta gildi, flokkun talna	Stika 1a nemendabók bls. 46-61 og æfingahefti bls. 24.	- geta gert ýmsar kannanir sem byggjast á spurningalistum, mismunandi mælieiningum og talningu - geta safnað, flokkað og sett fram upplýsingar í myndritum - geta notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir - geta lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðasta gildi.	
Tugabrot Tugabrot á talnalínu Tíundu og hundraðs hlutar og samhengi milli þeirra Röðun talna eftir stærð Talnaskilningur, sætiskerfið og gildi talna Námundun og slumpreikningur Lengdarmælingar í sentimetrum og tíundu hlutum Samlagning og frádráttur Margföldun og deiling með tíu	Stika 1a nemendabók bls. 62-93 og æfingahefti bls. 30-43.	- geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með tugabrotum á talnalínu, í huganum og skriflega - geta fundið hluta þegar heildin er gefin og geta fundið heildina þegar hluti er gefinn	
Rúmfræði Rúmfræðiform Einkenni mismunandi forma Rúmfræðimynstur Flutningar: hliðrun, speglun og snúningur Horn: rétt, hvöss og gleið Hornamælingar með gráðuboga Hornasumma og ummál	Stika 1a nemendabók bls. 94-128 og æfingahefti bls. 46-60.	- geta þekkt eiginleika og einkenni mismunandi forma, einkum ferhyrninga og þríhyrninga - geta gefið dæmi um hvernig rúmfræðiform birtast í umhverfinu - þekkja hugtök eins og línu, strik og kúrfu - geta hliðrað, speglað og snúið myndum - geta notað gráðuboga til að mæla horn - geta fundið hornasummu - þekkja hvöss, rétt og gleið horn	

Mælingar Lengdarmælingar Flatarmálmælingar Mælieiningar Ummál Tugabrot Stækka myndir og minnka Að nota mælikvarða til að reikna fjarlægðir á kortum	Stika 1b nemendabók bls. 3-33 og æfingahefti bls. 4- 16.	• geta notað einfalt mælitæki til að mæla lengd • geta mælt og reiknað út ummál marghyrninga • geta fundið flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum	
Almenn brot Almenn brot í daglegu lífi og sem hluti af safni og einum heilum Hugtökin teljari og nefnari Almenn brot á talnalínu Jafn gild/jafn stór brot Tengsl almennra brota og tugabrota Samlagning og frádráttur Almenn brot stærri en einn Að þekkja 1%, 10%, 50% og 100% á mynd	Stika 1b nemendabók bls. 34-65 og æfingahefti bls. 18-37.	• þekkja almenn brot sem hluta af heild • getað teiknað brot á ýmsa vegu • geta lagt saman og dregið frá með almennum brotum • borið saman mismunandi brot	
Margföldun og deiling Margföldunartaflan Margföldun og deiling í daglegu lífi, spilum og rúðuneti Margföldun sem endurtekin samlagning og á talnalínu Þættir og talnarunur Margföldun með 10 og 100 Margföldun tveggja stafa talna Deiling og tengsl hennar við margföldun Deiling sem endurtekinn frádráttur Deiling í þriggja stafa tölur Deiling með tveggja stafa tölu í þriggja stafa tölu Orðadæmi	Stika 1b nemendabók bls. 66-97 og æfingahefti bls. 38-44	• læra margföldunartöflurnar • margfalda tveggja stafa tölur og deila í slíkar tölur • átta sig á tengslum margföldunar og deilingar	

<i>Mynstur</i> Mynstur í daglegu lífi Flutningur: hliðrun, speglun og snúningur Rúmfræðimynstur Röksemdarfærsla Myndtölur, jafnmunarunur, talnarunur Fyrstu skref algebru Margföldunartölur, endurtekin samlagning og frádráttur Talnamynstur Reikniaðgerðirnar fjórar	Stika 1b nemendabók bls. 98-128 og æfingahefti bls. 54-58.	• læra hvernig búa má til mynstur með hliðrun, speglun og snúningi • þjálfast í að nota rökhugsun til að búa til mynstur með myndum og tölum	
---	--	---	--

Námsgrein: Enska

Bekkur: 4.-5.

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag

Unnið samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Lögð áhersla á að efla orðaforðann í gegnum söng, leikþætti og ýmis fjölbreytt verkefni. Aðaláhersla er á talað mál og hlustun en einnig er byrjað á að þjálfra lestur og ritun með einföldum textum og verkefnum.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir einfaldir textar til að þjálfra læsi og auka orðaforða í ensku.
Sjálfbærni	Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfra nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um ýmis viðfangsefni.
Heilbrigði og velferð	Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín. Verkefni unnin um líkamann og sjúkdóma.
Lýðræði og mannréttindi	Verkefni unnin í hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Allir hafa jafnan rétt til að tjá sig og koma með hugmyndir.
Jafnrétti	Allir taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Áhersla er lögð á hlustun og orðaforða.
Sköpun	Myndverk unnin í tengslum við þjálfun nýrra orða, setninga og orðasambanda á ensku. Áhersla á að nemandi fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Introduction, good morning and goodbye, action songs, numbers, colours, clothes, the alphabet, body parts, family, days, months and seasons, weather, food and drink, animals and pets, feelings, time, the home, hobbies, flags and countries, things I can do, what you can learn.	Portfolio - Speak Out og Work Out. Hickory, Dickory og Dock. Annað efni af vef.	Nemandi á að geta • skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi þegar talað er skýrt • skilið það mál sem talað er í kennslustofunni og svarað með einfaldri setningu • lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. • tengt saman einfaldar setningar og stafsett flest algeng orð.	

Námsgrein: Samfélags- og náttúrugreinar

Bekkur: 4.-5.

Tímafloði á viku: 4 kennslustundir.

Kennsluaðferðir og skipulag: Samfélags- og náttúrugreinar eru samþættar íslensku og myndmennt og kenndar í lotum yfir skólaárið. Kennt er samkvæmt aðferðum byrjendalæsis. Kennsluaðferðir eru innlagnir, umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfar samræðu og gagnrýna hugsun, einstaklings-, para- og hópvinna í bland, leitaraðferðir s.s. heimildavinna og vettvangsferðir.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Áhersla er lögð á:
Læsi	Lestur og vinnu með fræðitexta á fjölbreyttan hátt. Tekin verða fyrir orð og hugtök og merking þeirra rædd.
Sjálfbærni	Þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.
Heilbrigði og velferð	Að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda. Með fjölbreyttum vinnubrögðum er nemendum gefið tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
Lýðræði og mannréttindi	Lýðræðisleg vinnubrögð og að nemendur læri um lýðræði í lýðræði. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar.
Jafnrétti	Að allir nemendur eiga að fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Einnig að þeir taki virkan þátt í að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti og réttlæti.
Sköpun	Að vinnubrögð einkennist af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Verk nemenda eru höfð sýnileg, sköpunarferlið skiptir þó ekki síður máli en afrakstur verksins.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Samfélagsgreinar: Umhverfi Samfélag Saga Menning Sjálfsmynd Samskipti Náttúrugreinar: Að búa á jörðinni Lífsskilyrði manna Náttúra Íslands Heilbrigði umhverfisins Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	Náttúran allan ársins hring	Að nemendur: • læri að njóta náttúrunnar og bera virðingu fyrir henni • kynnist því hvernig náttúran breytist eftir árstíðum • geri sér grein fyrir því að lífverur undirbúa sig fyrir veturinn á mismunandi hátt • fræðist um veðurfyrirbæri, s.s. vindátt og úrkomu • geri sér grein fyrir því að frá sólinni berst heilmikil orka sem hefur áhrif á allt líf á jörðinni • þekki nokkrar plöntur og geri sér ljóst að plöntur eru undirstaða lífsins • þjálfist í athugunum í náttúrunni, skoði smádýr og fugla og kynnist ýmsum sérkennum þeirra • þekki muninn á farfuglum og staðfuglum • fræðist um sauðburð og læri nöfnin á dýrunum í sveitinni	Metin er frammistaða í þemaverkefnum: Námsframvinda, vinnusemi, samvinna, vandvirkni, þátttaka í umræðum, kynning á verkefnum. Sjálfsmat
	Komdu og skoðaðu himingeiminn	• geri sér grein fyrir áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt, hitastig og lífríki • þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi; reikistjörnum, sól og tunglum • þekki aðaleinkenni hverrar reikistjörnu • átti sig á hvernig hreyfingar jarðar orsaka árstíðir, dag og nótt • þekki að jörðin er byggð upp af nokkrum lögum	
	Komdu og skoðaðu sögu mannkyns	• læri að saga jarðarinnar og lífs á jörðu er miklu lengri en saga mannsins • þekki til upphafs og þróunar mannsins • þjálfist í umfjöllun um tímann og tímatal • fræðist um ólík menningarsvæði á nokkrum stöðum og á mismunandi tíma, s.s. Egyptaland hið forna og Rómaveldi • hafi heyrt af nokkrum sögufrægum persónum og þekki til nokkurra sögulegra fornminja	

	Í sveitinni með Æsu og Gauta Sveitaferð – 4. bekkur	• kynnist landbúnaðarstörfum og þekki landbúnaðarafurðir • þekki heiti íslenskra húsdýra • geti flokkað lífverur eftir auðsjáanlegum einkennum, s.s. rándýr og spendýr • kannist við dýra- og sveitavísur • fari í sveitaferð og fræðist um lífið í sveitinni	
	Hvalaskólinn – 5. bekkur verkefni unnið í samstarfi við Hvalasafnið		
	Trúðarbrögðin okkar Brauð lífsins Birtan	• kynnist helstu trúarbrögðum heimsins, lífsviðhorfum og menningu sem tengist þeim. • þekki helstu hátíðir kristninnar og siði og tákni sem tengjast þeim. • kynnist búddadómi og hindúasið, íslam og gyðingdómi, • temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpssemi og vandamál tengd einelti og baktali • þjálfist í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, með því að fást við efni sem tengist jafnrétti og að ýtt sé undir kjark þeirra til þess að fylgja eigin sannfæringu • þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra • læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til þess að hrósa og uppörva aðra	
	Goðafræði – 5. bekkur Óðinn og bræður hans – heimur verður til	• beri saman við söguna eins og þau þekkja hana á gagnrýnan hátt og geti rökstutt mál sitt.	

Námsgrein: Lífsleikni

Bekkur:4.-5

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag: Unnið er samkvæmt kenningum jákvæðs aga. Áhersla er á að börn verði ábyrgðarfull þar sem þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Bekkjarfundir eru haldnir þar sem farið er yfir dagskrá dagsins, ákveðin mál sem varða innleiðingu jákvæðs aga. Tekin eru fyrir mál sem brenna á nemendum og lausnir fundnar. Mikil áhersla er lögð á hrós og hvatningu. Markmiðið er að ala upp kynslóð þar sem samskipti byggja á gagnkvæmri virðingu.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur fá þjálfun í að lesa í tilfinningar annara. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.
Sjálfbærni	Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfar nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir.
Heilbrigði og velferð	Á bekkjarfundum fer fram mikil vinna til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra.
Lýðræði og mannréttindi	Á bekkjarfundum fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning sinn á viðhorfum og skoðunum annarra. Þeir læra að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhersla á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum.
Jafnrétti	Allir fá jöfn tækifæri til að tjá sig, skoðanir allra eru virtar.
Sköpun	Nemendur vinna með ýmis verkefni tengd jákvæðum aga, þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður sem efla skapandi og gagnrýna hugsun.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Unnið er samkvæmt kenningum jákvæðs aga.	Verkefni úr jákvæðum aga. Upprifjun að hausti: • Bekkjarsáttmáli • Störfin í bekknum • Bekkjarfundir • Að hafa heilann í hendi sér • V-A-L (lærum af mistökum) • Ég- boð (það pirrar mig- ég vildi óska...) • Lausnahjólið • Tilfinningahjólið • Kalli krumpaði • Æfingar fyrir sjálfstjórn • Virk hlustun Halda áfram með innleiðingarferli jákvæðs aga	Að ala upp kynslóð þar sem samskipti byggja á gagnkvæmri virðingu. Að nemandi : • sýni ábyrgð og kurteisi • verði fær í samskiptum og úrræðagóður • geri sér grein fyrir að mistök eru gott tækifæri til að læra af • geti nýtt sér æfingar fyrir sjálfstjórn • nýti sér virka hlustun • hrósi og taki við hrósi.	Gátlistar Sjálfsmat Þátttaka á bekkjarfundum er metin sem og framfarir í samskiptum og hvort nemandi nýti sér það sem hann lærir í samskiptum sínum við aðra. Gefin er umsögn byggð á þessum þáttum.

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 4.

Tíma fjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahöllinni og útikennsla að vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskafættina gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. ✓ Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. ✓ Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir.	Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, leikir og óhefðbundnar íþróttir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþróttar.	✓ Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina ✓ Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreinsn og líkamsvitund ✓ Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar ✓ Að upplifa ánægju af eigin framförum - Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska ✓ Að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Lykilhæfni.

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 5.

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahöllinni og útikennsla að vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. ✓ Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. ✓ Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir.	Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, leikir og óhefðbundnar íþróttir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþróttar.	✓ Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina ✓ Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamsþol, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreign og líkamsvitund ✓ Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar ✓ Að upplifa ánægju af eigin framförum - Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska ✓ Að að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Lykilhæfni.

Námsgrein: Sund

Bekkur: 4.

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag

Sundaðferðir sem miðast við sundstigið hverju sinni. Auk þess reglur og leikir í bland við hefðbundna sundkennslu.

Grunnpættir menntunar

Að kenna nemendum grunntækni sundaðferða.

Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum.

Að nemendur hafi gaman af því að fara í sund.

Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska.

Að ljúka 4. Sundstigi.

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓ Gera nemanda kleift að takast á við verkefni með samspili umhverfis og félagslegra þátta.
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu sundlaugar. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í vatni.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Flot- og rennslisæfingar, bringusund, stunga, skólabaksundsfótatök og leikir.	4. Sundstig.	Helstu markmið með sundstigum eru að: ✓ Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum. ✓ Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams-og heilsurækt. ✓ Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs. ✓ Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.	Kennari gefur nemanda vitnisburð: Sundgetu á prófi, ástundun, áhuga og hegðun.

Námsgrein: Heimilsfræði.

Bekkur 4. – 5.

Tímafjöldi á viku: 3 tímar á vikur í 7 vikur.

Kennsluaðferðir og skipulag: Hópastarf, samvinnunám og sýnikennsla.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemandinn geti lesið sig til um heilbrigði og næringu og skilji og geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum.
Sjálfbærni	Að nemandinn geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærni fyrir náttúruna.
Heilbrigði og velferð	Kynnist heilbrigðum lífsstíl.
Lýðræði og mannréttindi	Við lærum að sýna hvort öðru og verkum hvors annars virðingu.
Jafnrétti	Að allir gangi í öll verk með virðingu hvort fyrir öðru.
Sköpun	Reynt að virkja sköpunargáfuna við matargerðina þannig að nemandinn leysi verkefnið á sínum forsendum.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Kynnast fjölbreyttri matargerð og góðum, heilbrigðum lífsstíl.	Gott og gagnlegt 3 . Ungafólkið og eldhússtörf.	Markmið að gera nemana sjálfbjarga í flestum verkum heimilis. Gera sér grein fyrir heilbrigðum lífsstíl.	Símat.

Námsgrein: Textilmennt

Bekkur: 4. – 5.

Tímafjöldi á viku:

Kennsluaðferðir og skipulag

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur séu læs á umhverfi sitt í markvissum tilgangi.
Sjálfbærni	Að vinna með efni af ólíkum toga og að læra um endurnýtingu efna.
Heilbrigði og velferð	Að stuðla að heilbrigðu viðhorfi nemenda til verklegrar vinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur fái þjálfun og verkfærni á sem flestum sviðum textilmenntar og geti nýtt sér hana til eigin sköpunar og útfærslu á eigin handverki.
Jafnrétti	Áhersla á að handverk sé jafnt fyrir bæði kynin.
sköpun	Nemendur fái að njóta þess að skapa og búa til hluti sem eru þeirra eign og enginn annar á eins.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Nemendur læra að fitja upp í prjóni og að prjóna garðaprjón. Prjóna dýr eftir eigin teikningu eða garðálf eftir uppskrift. Útsaumur í pappa og fl. smá aukaverkefni.	Síðan læra þau að sauma saman prjónles og ganga frá endum. Læra einnig sporgerðir og sauma í gróft efni (stramma), sauma nálapúða.	Að nemendur tileinki sér ýmsar aðferðir í útsaumi og læri grunnatriði í prjónaskap.	Lykilþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráðir niður. Lokamat byggist á þessu símati.